

Skipulagsstofnun
Ómar Ingbórsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 23. janúar 2017
UST201612-160/B.S.
08.07.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - flæðigryfjur – Grundartangi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Elkem og Norðurál nýta samkvæmt starfsleyfum fyrirtækjanna flæðigryfjur sem eru samliggjandi þar sem þeim er heimilt að losa hluta af framleiðsluúrgangi. Þegar flæðigryfjurnar voru teknar í notkun árið 2013 var gert ráð fyrir að þær myndu verða fullnýttar árið 2025, en nú er talið að þær endist einungis í 2-3 ár til viðbótar. Því er ráðgert að stækka gryfjurnar um tæpa 10 þúsund fermetra.

Rétt er að hafa í huga að flæðigryfjur eru fyrst og fremst nothæfar og hannaðar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum flúorríks úrgangs eins og þess úrgangs sem kemur frá álverum. Fallist hefur verið á núverandi fyrirkomulag sem heimilar einnig Elkem að nýta flæðigryfjur fyrir úrgang sem til fellur í verksmiðju fyrirtækisins.

Mat á umhverfisáhrifum fór fram fyrir notkun flæðigryfja til þessara nota bæði hjá Norðuráli og Elkem. Umhverfisstofnun telur að förgun úrgangs af því tagi sem hér um ræðir í flæðigryfjur geti varla talist til langtímalausnar enda er hér um að ræða úrgang sem inniheldur m.a. þungmálma sem safnast upp á ári hverju og geta haft óafturkræf áhrif á umhverfið til frambúðar.

Samkvæmt starfsleyfum Elkem og Norðuráls fer fram vöktun á umhverfisáhrifum flæðigryfjanna. Þegar litið er til niðurstöðu núverandi umhverfisvöktunar kemur í ljós að vel flest mengun er innan marka, samkvæmt sýnum sem tekin hafa verið í flæðigryfjum og úr kræklingi. Þó mælist sink og kopar á tveimur stöðum í flæðigryfjum og kadmíum, kopar og selen í kræklingi nálægt viðmiðunarmörkum.


Umhverfisstofnun telur almennt séð að urðunarstað fyrir förgun úrgangs eigi að vera valinn staður þar sem minni hætta er á að mengunarefni berist út í umhverfið og þar sem unnt er að koma við viðeigandi mengunarvörnum.


Hér er um að ræða starfsemi sem heimiluð er í starfsleyfi og áhrif notkunar flæðigryfja er vöktuð.

Umhverfisstofnun bendir á að nú stendur yfir endurskoðun starfsleyfis Elkem og telur stofnunin að mat á umhverfisáhrifum muni ekki bæta við upplýsingum umfram þær sem aflað er með þeirri umhverfisvöktun sem nú er til staðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd stækkun flæðigryfja á Grundartanga muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér umfram þau áhrif sem þegar eru fram komin og fylgst er með samkvæmt vöktunaráætlun.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri